



Reglur um flutningsstyrki til nýráðs starfsfólks við stofnanir

1. gr.

Reykholahreppur greiðir flutningsstyrk allt að krónum 100.000 til nýráðs starfsfólks við stofnanir sveitarfélagsins.

2. gr.

Aðeins þeir geta sótt um styrk sem eru að flytjast búferlum í Reykholahrepp og hafa átt lögheimili utan sveitarfélagsins. Hægt er að sækja um styrk þegar umsækjandi hefur flutt lögheimili sitt í Reykholahrepp.

3. gr.

Upphæð styrks miðast við það starfshlutfall sem umsækjandi hefur ráðið sig í við stofnanir Reykholahrepps. Fullur styrkur miðast við 100% starf, hálfur styrkur við 50% starf o.s.frv.

4. gr.

Ekki er gerður greinamunur á því hvernig búsetu umsækjanda verður háttáð, hvort aðili leigi eða kaupi eign. Húseign verður að uppfylla reglur um íbúðarhúsnæði. Styrkur greiðist ekki ef um er að ræða leigu á einstaklingsherbergjum eða ósamþykktu íbúðarhúsnæði.

5. gr.

Umsókn skal fylgja afrit af þinglýstum leigusamningi til a.m.k. eins árs eða af kaupsamningi eignar, og staðfesting á lögheimilisflutningi.

6. gr.

Hafi styrkþegi ranglega fengið of háan styrk, eða fengið hærri greiðslur en honum bar, skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

7. gr.

Reglur þessa taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

8. gr.

Allir þeir sem hófu störf hjá sveitarfélaginu á árinu geta sótt um styrk.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2014
Ingibjörg B. Erlingsdóttir
sveitarstjóri